



## — VIÐTÖKUR FÓLKS OG VIÐBRÖGÐ HANS

magni upp í hreinan viðbjóð. „Rab“ brigslar Kjarval einnig um óþjóblegheit í „Jónsmessunótt“, ekki er fjarri lagi að margir landar hans hafi hugsað á þá lund.

Í dómi í Tímanum í október 1919 segir: „Sumir halda að Kjarval geti ekki málað hversdagslegar og raunverulegar myndir.“ Margir hafa talið að Kjarval væri ekki raunverulegur málarí. Hann málaði ekki ljósmyndir, hversdagsleikinn var víðs fjarri í verkum hans. Fólk hefur vart verið meðtækilegt fyrir „fantasium“ og því ekki við því að búast að Kjarval kæmist inn á gafl hjá Íslendingum í fyrstu atrennu. Ef litid er á viðtökur sem nýjungamálarar fengu erlendis mátti Kjarval vera sáll með sin fyrstu ár á málarabrotunni. 1863 var t.d. haldin í París „Útskúfabrasyningin“, þar tóku þátt meistarar á borð við Pissaro, Whistler, Fantin-Latour, Cézanne og Manet.

### Styrkir og Ítalíuför

20. janúar til 2. febrúar 1920 hélt Kjarval málverkaskýningu í sal Antons Hansens við Köbmagerötu í Kaupmannahöfn. Dönsku blöðin fóru lofsamlegum orðum um sýninguna, brot ur þeim birtust í íslenskum blöðum, Íslendingum til uppræðslu um ágæti meistarans. G.S. sagði í Tímanum: „Mun það gleðja alla að Kjarval hefur fengið svo glæsilega dóma um list sína, og er það heiður fyrir íslensku þjóðina að eiga slíkan mann.“

Hvort sem það hefur verið orðum G.S. að þakka ellegar skynsemi ráðamanna, þá fékk Kjarval listamannastyrk í febrúar 1920. Þetta var 2000 króna ferðastyrkur, hæsta upphæð sem málurum og myndsmíðum var veitt það árið. Ríkharður Jónsson fékk sömu upphæð. Kjarval hélt til Rómars til að kynna nýjum stefnum og sjónarmiðum.

Einar Benediktsson reit svo um Ítalíuförina: „Ferðin til Ítalíu hefur aflað honum miklu meiri framfara, heldur en gerst hefir um aðra listamenn vora, vegna þess að hann mun hafa unnið langbest að því að ná sjálfstæði gegnum alla erfiðleika, áður en hann fór suður og einmitt þegar hann dvaldi þar, vildi svo til að hann var á þeim aldri, er breytingar verða einatt miklar í hugum og lífsskóðunum manna.“

Einar talaði síðan um að orðið hefðu stefnuhvörf í list Kjarvals. Þó virðast ekki allir hafa fellt sig við þau hvörf því þegar nöfn styrkþega listamannastyrksins voru birt fyrir árið 1921 var nafn

hans ekki að finna þar á meðal. Eins og nærri má geta voru velunnarar meistarans ekki alveg sáttir við þennan gang mála.

Ekki var Kjarval þó alveg á vonarvöl því 1921 var stofnað styrktarfélagið Pictor. Það lagði Kjarval til ákveðna fjárhæð reglulega í þrjú ár. Ráðamenn sáu einnig að sér að ári, Kjarval fékk listamannastyrk 1922, einnig seldi hann æ fleiri málverk, menn voru farnir að meðtaka list hans.

### „Sveinsbréf á nýrri leið...“

Sumarið 1921 var haldin list-sýning að tilhlutan Listvinafélagsins og var Kjarval meðal þátttakenda. Í umsögnum um þessa sýningu kvað við nokkurn annan tón en áður hafði gert. Einar Ben. sagði m.a. í Morgunblaðinu: „Í myndum Kjarvals er mikið gleðiefni að sjá gagngerða breytingu eða réttara sagt þróun... í áttina til meiri löghlyðni og lotningar fyrir visindum listarinnar.“ Í umsögninni kom fram að tvær stefnur togubúast á um listamanninn en „myndin af konu hans... er eins og sveinsbréf hans á nýrri leið til mikilla verka, sem þessum frumgáfaða og starfsterka málara vorum er ætlað að ganga til mikilla áhrifa á listmennt Íslendinga.“

Ekki virðist þessi breyting hafa verið Kjarval í óhag því á einkasýningu sem hann hélt í október 1921 seldust nær allar myndir hans, „X“ í Tímanum fannst það „furdulegt, þegar litid er á fjármálaástæður manna.“

Í dómum blaðanna kom í ljós að fólk var almennt orðið sammála um að Kjarval væri mikill listamaður og að gagnrýnisróddum hafi fækkað. Visir: „Hann hefir verið sistarfandi leitandi listamaður. Engin sýningin hefir verið annarri lík... En þó hefir jafnan verið um hann deilt... Nú ber enginn lengur á móti því að Kjarval er meistari.“ Morgunblaðið: „...allir víðurkenna það nú, að í Kjarval eignum við einkennilegan listamann með miklum hæfileikum.“ Í Mogga er því enn fremur spáð að sýning hans verði „vafalaust vel sótt af listvinum bæjarins“. Sem var og raunin. Myndir hans voru farnar að seljast og fólk farið að streyma á sýningar hans. Hvort það var vegna þess að fólk hafi verið farið að venjast honum eða vegna breytinga sem list hans tók í Ítalíuförinni skal ósagt látið. Vafalaust eru fleiri skýringar til-tækar.

### Kjarval sjálfur 1922

En hvað sagði Kjarval sjálfur um list sína og viðbrögð fólks við

henni á þessum árum. Gluggum í viðtal við hann í Morgunblaðinu 23. apríl 1922:

„Ég kom á þeim tíma út í heiminn sem „reaktíonin“ — mótstaðan, byrjaði gegn hinum klassísku skólum og stefnunum gömlu. Ég var opin fyrir öllu og tilbúinn til að læra af hverju sem var án þess þó að gera mér fyllilega grein fyrir hvernig hollast myndi að byrja. Áhrifin sreyndu yfir mig sem foss marglitra geisla og fannst mér ég vera klettur sem eyddist og molnabi er flóðið dundi sem sterkast. Var þá eins og kletturinn ætti innra ljós sem mundi slökka ef ekki fjarði áhrifunum.“

Þannig var um mig er ég byrjaði að frama mig í listum. Sjálfum hefir mér verið borið á brún að ég væri sjaldan sjálfum mér líkur og sundurleitur í verkum mínum og er þetta ekki að ósekju, því svo er fljótt á að lita fyrir þann sem heimsækir mig og sér það sem ég hef gert, að ég muni ekki við eina fjölinna felldur. Ég er þess fullvitandi og reyni ekki að skýla þessu, því þá færu landar mínir þess á mis, að sjá hvernig unglingurinn hefir unnið meðan hann var að skoða heiminn, sem honum var ókunnugur, nema í munnmálum og kynjasögum. Mér varð brátt ljóst, að gömlu skólarnir — akademíin — voru ekki eins og ég bjóst við. Það var kominn doði og listarandann, sem átti að ríkja þar og ágætis listmenjar frá fornum tímum, sem skólarnir áttu nóg af, stöðu og biðu eftir góðum kennum, sem áttu að opna augu lærisveinanna fyrir því góða, sem er gert — undirstöðunni undir það sem þú og ég eigum að byggja á. Ég kynntist listamönnum af öllu tagi, góðum og vondum: ég mætti nýjum stefnum, sem fóru hliðar-götur við hina æðri skóla... Höfuðsmennirnir voru óhræddir við dóma, því að þeir vissu að æðsti dómur er seinastur, sem mannveran ræður ekki við. Þeir höfðu dauðann fyrir baktjald, en horfðu inn í ljósið, sem var fullt af undarlegum formum og sundur-leitum litum. Og þeir smíðuðu myndir og hluti, sem þeir halda að heyrir framtíðinni til, — ...Einn af þessum mönnum var ég. Það bjargaði uppruna mínum, að ég fyllti flokk þessara manna — en ég var kominn utan til þess að læra og sjá, og ég ákvað að ganga í gegnum þann gamla skóla til þess að finna það sem átti að vera þar. Og oft vann ég sem hver annar erfiðismaður ellefu stundir á dag við að teikna og mála. Og ég fann smám saman það sem ég hálfvitandi leitaði að — að læra og kunna — ég lærði að velja og

hafna. Þá varð mér smám saman ljóst, að ég þurfti að skilja samtíð mína, til þess að geta dæmt um nýtt og gamalt í listum. Ég vissi, að Ísland átti enga fortíð í málalari og ábyrgðartilfinningin vaknaði, er fylgir einstaklingi hverjum. Ég vildi vita deili á því sem var og er og sökkta mér því niður á allar stefnur og byggði yfir hugmyndir mínar og fann nýjar stefnur. Ég lærði að hugsa sjálfstætt í listheimi mínum: væri ég viðvaningslegur stundum, var það bara þjóðerni mitt.“

### Viðvaningslegar viðtökur

Kjarval segir þarna að hafi hann verið viðvaningslegur stundum hafi það bara verið þjóðerni hans. Sama mætti e.t.v. segja um þær viðtökur sem listamaðurinn fékk hér, að þær hafi verið viðvaningslegar og að það hafi bara verið þjóðernið. Ísland átti enga fortíð í málalari en langa fortíð í þjóðlegum bókmenntum, og því erfitt fyrir bókafjóðina að meðtaka hina nýju stefnu sem Kjarval bar inn í landið í upphafi.

Í apríl 1922 hélt Kjarval yfirlits-sýningu frá síðustu 10 starfsárunum í húsi Egils Jacobsen kaupmanns. Í dómi um hana komst Ragnar Asgeirsson m.a. svo að orði í Morgunblaðinu: „Um engan íslenskan málara mun deilt jafn mikið og um Kjarval. Það er von að svo sé þar sem Íslendingar hafa aldrei dýrkað aðra list en orðsins í riti og ræðu og skortir þar af leiðandi tilfinningalega greind til að kunna að meta list í litum og dráttum. Stara því margir sem tröll á heiðrikju þegar eitthvað nýtt ber fyrir auga... Einn segir öðrum frá, og vitleysan gengur mann frá manni og myndast við það „skobun almennings“.“

Vill oft fara á þá leið í stórbæjunum, þar sem fjöldinn er lítt vanur að hugsa sjálfstæðar hugsanir. Og heimskinginn fordæmir það sem hann ekki skilur... Það þarf krafta til þess að sigrast á mótstöðu fjöldans og skilningsleysi, en það hefur Kjarval gert.“

Á sýningunni 1922 voru nokkrar myndir í kúbskum stíl. Um þær sagði M.J. í Vísí af talsverbu um-burðarlýndi: „Það er varla von að menn kunni strax að meta þær. Menn eru svo vanir að spyrja hvað þetta og þetta sé... En í raun réttir er þessi spurning, af hverju myndin sé æfinlega aukatriði, frá listarinnar sjónarmiði, hversu skýr sem myndin er.“

### „...aук þess sem hún er mjög lík“

Næst var það að fréttu af Kjarval að hann hélt sýningu í húsi

Listvinafélagsins um mánaðamótin nóv.-des. 1923. Þar voru myndir af ýmsu tagi en mesta athygli vöktu myndirnar af fjórum fyrrverandi bankastjórum Landsbankans. Ekki voru blöðin sammála að öllu leyti um ágæti þessara mynda. Visir og Tíminn voru sama sinnis um að myndirnar af Lárusi Sveinbjörnssyni, Tryggva Gunnarssyni og Birni Sigurðssyni hefðu tekist vel, en Tíminn sagði að myndin af Birni Kristjánssyni hefði tekist miður: „Útlit mannsins hefir freistað málarans til að nota í óhöfi suma höfubliti regnbogans.“ Visir sagði aftur á móti að myndin af Birni Kristjánssyni væri „...afbragðs „frísk“ og full af veruleika og lífi, auk þess sem hún er mjög lík.“

Þarna sést enn að menn voru ekki alveg á eitt sáttir um list meistarans. Engu að síður var þessi sýning vel sótt og þröngt var á þingi í sölum Listvinafélags-hússins þá daga sem Kjarval sýndi þar. Tíminn skrifaði: „Margir komu af því þeir vilja alltaf sjá, hversu þessum einkennilega málara farnast.“ Enn var talað um Kjarval sem einkennilegan mann en aðsóknin bendir til þess að list hans hafi verið að vinna sér sess og hann farinn að vekja meiri athygli en áður.

### Ónáttúruleg og óskiljanleg málverk

Þótt Kjarval ætti eftir að mála lengi eftir þetta voru menn ekki alltaf sammála um ágæti listar hans og sem smádeini má taka skrif Jóns Sigurðssonar í Ystafelli í apríl-júní hefti Íbunnar 1923 en þar sagði m.a.: „...Nýjasta málverk eftir Kjarval eru ónáttúruleg og óskiljanleg öllum almenningsi.“

Unnendur listar Kjarvals voru fljótir að svara fyrir sig og „Nafn á Krossgötum“ svaraði Jóni m.a. á eftirfarandi hátt í Vísí: „Ég sem þekki Jóhannes S. Kjarval og myndir hans, get sagt Jóni á Ystafelli það, að mjög mikill hluti almennings skilur bæði eldri og nýjustu Kjarvalsmyndir, og er mér því ljúft að lýsa ósannindamanni Jóni á Ystafelli svo frá þessu, og vekja eftirtækt hans á því, að hann sé prédikari, sem vill leiða fólk burt frá Kjarvalsmyndum. Jón á Ystafelli slær á öllstræna strengi sína sem hann vill að fólk þrúi á.“

Þessi togstreita milli fylgis-manna Kjarvals og hinna sem meðtöku hann ekki, var til staðar alla hans tíð og er jafnvel enn, þó hún sé hverfandi litil í dag. Mest var hún líklega á fyrstu árunum eftir að hann lauk námi.